

## Fundargerð 9. fundar ferðamálaráðs - föstudagur 1. apríl 2011

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 11:00

**Mættir:** Svanhildur Konráðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, og Helga Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi.

**Forföll:** Dofri Hermannsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Ragnheiður Hergeirsdóttir boðuðu forföll ásamt Ólöfu Ý. Atladóttur áheyrnarfulltrúa.

### 1. Fundargerð 8. fundar samþykkt.

### 2. Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald

Frumvarpið er lagt fyrir alþingi á 139. Lögjafarþingi 2010-2011, þskj. 459-359. mál

*Ferðamálaráð fagnar því að hugað sé að myndarlegri uppbyggingu á ferðamannastöðum með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Ráðið leggur hins vegar ríka áherslu á mikilvægi þess að eins mikil sátt ríki um gjaldtöku þá sem fyrirhuguð er í tengslum við uppbygginguna og mögulegt er og að framkvæmdin verði einföld og réttlát. Því vill ferðamálaráð koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.*

- 1. Í frumvarpi til laga um farþegagjald ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allir fjármunir sem innheimtir eru með farþega- og gistináttagjaldi renni alfarið í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og sé úthlutað þaðan til verkefna.*
- 2. Framkvæmd gjaldtöku farþegagjalds sé einfölduð frá framlögðu frumvarpi. Þannig séu aðeins 2 flokkar þegar kemur að mati á lengd ferðar undir og yfir 1000 km.*
- 3. Framkvæmd gjaldtöku gistináttagjalds miði við allar tegundir gistingar allt frá tjaldstæðum til hótela og alla sem bjóða gistingu. Gjald sé jafnframt svo lágt að það hvetji ekki til undanskota.*
- 4. Gistináttagjald verði aðeins ein tala á einingu þ.e. ekki verði lagt gjald á pr. mann í herbergi/tjaldi. Gjaldið verði þannig ekki lagt á börn sem gista í herbergi/tjaldi með foreldrum.*
- 5. Ferðamálaráð telur óeðlilegt að gistináttagjald myndi stofn til virðisaukaskatts og telur að þar með sé ójafnvægi komið á innheimtu miðað við farþegagjald sem er undanþegið virðisaukaskatti.*
- 6. Í nýrri þingsályktunartillögu um Ferðamálaáætlun er lögð áhersla á vörupróun utan háannatíma og því leggur Ferðamálaráð til að stutt verði við slíka þróun með því að innheimta farþega- og gistináttagjald aðeins yfir sumartímann.*

*Ferðamálaráð vill jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að þegar kemur að viðurlögum vegna lagasetninga r þá sé þess gætt að viðurlög nái einnig til þeirra sem stunda leyfislaust*

rekstur gististaða þannig að ekki sé hvatt til leyfislausra viðskipta með gjalddöku.

### **3. Umsögn um þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun 2011-2020.**

*Ferðamálaráð fagnar framlagðri tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020 þar sem áhersla er lögð á að aðkoma hins opinbera að uppbyggingu í ferðaþjónustu verði á að skapa greininni umgjörð til vaxtar og þróunar.*

*Með áherslum á arðsemi, lengingu ferðamannatímabilsins, betri dreifingu ferðamanna um landið, gæði og fagmennsku tekur ferðamálaáætlun undir mörg meginsjónarmið sem ferðamálaráð hefur haldið á loft á undanförunum árum. Þannig má halda áfram að styrkja þann grunn sem lagður hefur verið í uppbyggingu í ferðaþjónustu um allt land.*

*Ljóst er að vöruþróun, nýsköpun og markaðssetning eru lykill að aukinni arðsemi ferðaþjónustunnar, minni árstíðarsveiflu og fjölgun áhugaverðra og spennandi áfangastaða um allt land. Ferðamálaráð vill taka undir þá áherslu sem lögð er á vöruþróun og bendir jafnframt á mikilvægi þess að auka verulega fjárveitingar til að standa að reglulegum könnunum, sjálfstæðum rannsóknum og spám um framtíðarþróun í greininni ásamt viðamikilli landkynningu.*

*Ferðamálaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að orðum fylgi athafnir og að aðgerðaáætlun ferðamálaáætlunar verði lögð til grundvallar ákvarðanatöku í fjárveitingum þannig að hægt verði að skapa ferðaþjónustunni umgjörð vaxtar og þróunar til framtíðar.*

### **4. Ferðaþjónustuverkefni - tengd kjarasamningum.**

Kynntar tillögur ráðuneytis um skiptingu 900 millj. næstu 3 ár. Þeim fagnað og spurt nánar um skiptingu fjáris og hvernig að framkvæmd verði staðið. Rætt nánar á næsta fundi.

### **5. Áherslur ferðamálaráðs á árinu 2011.**

Rætt um áherslur og samsetningu ráðsins. Lagntímahugsun og umhverfismál verði þungamiðja í hlutverki ráðsins auk ráðgjafar við iðnaðarráðherra og Ferðamálastofu. Umræðum frestað til næsta fundar.

### **6. Undirbúningur Ferðamálaþings 2011 sem haldið verður á Ísafirði í okt. n.k.**

Ferðamálaþing 2011 verður haldið dagana 5.-6. október 2011 á Ísafirði. Að þessu sinni er undirbúningur ferðamálaþings samstarfsverkefni Ferðamálastofu, Nýsköpunarmiðstöðvar, Byggðasafns Vestfjarða, Arkitektafélags og Hönnunarmiðstöðvar.

Áherslur þingsins lúta að samspili skapandi greina og ferðaþjónustu og þeirri vöruþróun og nýsköpun sem af slíku samspili geta sprottið.

Rætt nánar á næsta fundi.

### **5. Önnur mál.**

Vakin var athygli á 10 ára afmæli náms í ferðamálafræði við HÍ og að til standi að halda upp á þau tímamót 15.4. n.k.

Fundi slitið kl. 12:45. Næsti fundur fyrirhugaður í lok apríl.